

Prófnefnd löggiltra endurskoðenda

Próf til löggildingar í endurskoðunarstörfum – seinni hluti

14. október 2015

kl. 9:00 – 17:00

Ábendingar:

Áætlaður tími við úrlausn hvers verkefnis svarar til vægis þess í heildareinkunn. Það er skynsamlegt að nýta próftímann með hliðsjón af vægi verkefna.

Vinsamlega notið word- og excel-skjöl sem fylgja fyrir lausnir verkefna, eftir því sem við á.

Merkið allar lausnir með prófnúmeri og einungis með prófnúmeri. Ef úrlausn er merkt með nafni prófmanns telst hún ógild og prófmaður fallinn.

Ætlast er til að vísað sé til staðla, laga og annarra heimilda eftir því sem tilefni er til hverju sinni. Ekki er nægilegt að vísa til einstakra staðla í heild sinni, heldur er ætlast til að vísað sé til einstakra greina eftir því sem við á.

Prófmenn hafa á heimasvæði prófsins aðgang að alþjóðlegum endurskoðunarstöðlum, alþjóðlegum reikningsskilastöðlum, lögum, reglugerðum og reglum, sem gæti reynt á í prófinu.

Prófmönnum er heimilt að taka með sér báða hluta prófsins, fylgiskjöl, lausnir og önnur gögn að loknum seinni prófdegi, en skulu skila í prófmöppu útprentun af úrlausnum, auk þess að vista rafrænar úrlausnir.

Verkefni 11 – 70 mín.

Hvaða áhrif telur þú að eftirfarandi atriði hafi á áritun endurskoðanda?

Ef þú telur að víkja þurfi frá fyrirvaralausri áritun eða gera breytingar á fyrirvaralausri áritun þarft þú að gera drög að viðeigandi kafla inn í áritunina fyrir hvert tilvikanna hér að neðan. Ekki þarf að skrifa upp alla áritunina.

Rökstyddu svarið með tilvísun í lög, reglur, staðla eða önnur gögn eftir því sem þú telur ástæðu til.

- A) Í skýringu með ársreikningi ABC hf. voru engar upplýsingar um afskriftir félagsins af fastafjármunum. Við nánari eftirgrennslan endurskoðandans kom í ljós að stjórnendur félagsins töldu enga ástæðu til þess að afskrifa fastafjármuni félagsins þar sem þeir töldu að eignirnar hefðu ekki rýrnað í verði frá því að þær voru keyptar. Stjórnendur félagsins töldu að bókfært verð eignanna, sem samsvarar upprunalegu kostnaðarverði, gæti alveg endurspeglað markaðsvirði þeirra í dag og meira en líklegt að markaðsverð þeirra sé í raun mun hærra en kostnaðarverð. Fastafjármunir félagsins í árslok 2014 voru 3 fasteignir, 10 bílar og tölvubúnaður. Endurskoðandinn taldi rétt að afskrifa þessar eignir og taldi jafnframt líklegt að áhrifin gætu farið yfir skilgreind skipulagningarmörk (e. performance materiality). Fjárhæðin yrði þó líklega undir heildarmikilvægis-mörkunum (e. overall materiality). Félagið gerir reikningskil sín í samræmi við IFRS.
- B) Endurskoðandi tók að sér endurskoðun DEF ehf. í byrjun mars 2015 og gat því ekki verið viðstaddur birgðatalningu félagsins 2. janúar 2015. DEF ehf. rekur gleraugnaverslun í Kringlunni og eru birgðir samkvæmt ársreikningi félagsins 68% af heildareignum þess. Endurskoðandinn er ekki viss um að hann geti staðfest birgðir félagsins um áramótin með öðrum endurskoðunaraðgerðum.
- C) Fyrirtækið GHI hf. rekur ferðamannaþjónustu og leigir út fólksbifreiðar, langferðabifreiðar, fjórhjól og ýmis önnur farartæki til ferðamanna. Félagið leigir þessar eignir ýmist á fjármögnunarleigu eða á rekstrarleigu. Fjármálastjóri félagsins hefur eignfært þessar eignir eða fært leigu þeirra til gjalda eftir eðli þessara leigusamninga en telur stundum að erfitt sé að greina þarna á milli. Í vafatilvikum hefur hann eignfært leigueignir á gangvirði. Eftir yfirferð endurskoðandans á skilmálum leigusamninganna telur hann að um 90% leigusamninganna séu ranglega flokkaðir, meðal annars eigi að færa nær alla leigusamningana sem rekstrarleigusamninga. Endurskoðandinn hefur ráðfært sig við aðra endurskoðendur í endurskoðunarfyrirtækinu og er það samdóma álit allra að hér sé greinilega um rekstrarleigusamninga að ræða en ekki fjármögnunarleigusamninga. Eignfærðar leigueignir eru um 80% af heildareignum. Stjórnendur eru ósammála mati endurskoðandans og hafa gefið það til kynna að þeir muni skipta um endurskoðendur á næsta ári ef þeir fari fram á að reikningsskilin verði leiðrétt. Einn stjórnarmannanna er sjálfur löggiltur endurskoðandi og segist hann ekki vera í vafa um að hér sé um að ræða fjármögnunarleigusamninga sem eigi að eignfæra.

- D) Endurskoðandi JKL hf. hefur farið fram á það við stjórn félagsins að stjórnin skrifi undir staðfestingarbréf. Endurskoðandinn er að koma að endurskoðun félagsins í fyrsta skipti. Stjórnarformaður félagsins skilur ekki þessa kröfu endurskoðandans enda hafi stjórn aldrei áritað staðfestingarbréf áður, einungis forstjóri og fjármálastjóri. Stjórnarformaðurinn bendir á að það sé hans álit að réttast sé að forstjóri og fjármálastjóri áriti bréfið enda séu þeir nú „nær businessnum“. Hann telur það því ekki koma til greina að aðrir en þessir aðilar skrifi undir bréfið en áréttar að auðvitað hafi hann, sem stjórnarformaður og stjórnin öll, fulla trú á fyrirtækinu og það sé því ekki ástæðan fyrir því að stjórn skrifi ekki undir. Þá bendir hann á að stjórnin skrifi undir stjórnarháttayfirlýsingu og yfirlýsingu í skýrslu stjórnar sem í raun segi það sama. Að mati stjórnarformannsins er það því algjör óþarfi og þjóni engum tilgangi að vera skrifa undir einhverjar fleiri yfirlýsingar.
- E) Fyrirtækið MNO hf. tók í notkun nýtt launakerfi í júlí 2014. Félagið er stórt þjónustufyrirtæki á íslenska vísu og er með skráð skuldabréf í kauphöll. Við endurskoðun ársreiknings 2014 kom í ljós að verulegar villur voru í launaútreikningum fyrirtækisins eftir að launakerfið var tekið í notkun. Starfsmenn fengu rangar fjárhæðir greiddar, skattaútreikningar af ýmsum launaliðum og hlunnindum voru ekki í samræmi við lög og reglur. Launamiðar voru sendir til starfsmanna og skattyfirvalda beint úr kerfinu en reyndust vera rangir. Stjórnendum tókst ekki að greina villurnar og ná utan um áhrif þeirra fyrir lok endurskoðunarinnar. Það er því ljóst að endurskoðandi félagsins mun ekki geta greint áhrif þeirra á reikningsskilin fyrir stjórnarfund á morgun 31. mars 2015 en þá á stjórn félagsins að skrifa undir ársreikninginn. Launakostnaður félagsins er um 70-80% af heildarkostnaði félagsins.
- F) Stjórn og endurskoðandi fyrirtækisins PQX hf. árituðu ársreikning félagsins 29. mars 2015. Samkeppnisaðili PQX hf. hafði kært fyrirtækið fyrir samkeppnisbrot og höfðu málaferli og rannsóknir staðið yfir í mörg ár. Við gerð ársreiknings 2014 töldu stjórn og stjórnendur rétt að halda inni skýringu sem hafði verið í ársreikningum félagsins frá því að þetta mál kom upp. Í skýringunni var umfjöllun um málavexti, hugsanleg áhrif þess og óvissu um niðurstöðu samkeppnisyfirvalda. Þann 31. mars 2015 kom endanleg niðurstaða frá Samkeppniseftirlitinu og var fyrirtækið dæmt fyrir stórfelld brot á samkeppnislögum. Fyrirtækinu var jafnframt gert að greiða sekt sem var 20% hærri en gert hafði verið ráð fyrir og því ljóst að hún kæmi til með að hafa umtalsverð áhrif á rekstur fyrirtækisins til skamms tíma. Stjórn kallar endurskoðandann á fund 1. apríl 2015 og greinir honum frá því að stjórn hafi ákveðið að taka upp ársreikninginn og leiðrétta hann enda hafi það komið í ljós að forstjóra félagsins hafi verið kunnugt um þessa niðurstöðu samkeppnisyfirvalda þann 28. mars en hann hafi ekki greint stjórn og endurskoðendum frá henni. Að mati stjórnar séu það með öllu óásættanleg vinnubrögð.

Svarið hér:

Verkefni 12 – 20 mín.

Teitur hefur verið endurskoðandi Insur hf. í 4 ár en hlutabréf félagsins eru skráð í kauphöll. Guðrún Bára, löggiltur endurskoðandi, er fjármálastjóri félagsins og hefur hún ávallt séð um skattaútreikninga og skattskil félagsins. Guðrún Bára er hins vegar að fara í fæðingarorlof og biður Teit því um að sjá um þessi verkefni fyrir sig í ár.

Teitur hefur heyrt af umræðu á endurskoðunarstofunni sem hann vinnur hjá að það sé rétt að leita til áhættustjóra stofunnar um alla aukavinnu fyrir félagið og leitar hann því til þín sem áhættustjóra með þetta mál.

Úrlausnarefni:

- A) Gerðu drög að svari til Teits út frá gildandi lögum og reglum og sjónarmiðum þínum sem áhættustjóra. Reifaðu álitamál og nauðsynlegar aðgerðir að hálfu Teits endurskoðanda.**
- B) Myndi það breyta afstöðu þinni í a-lið ef Insur hf. væri ekki endurskoðað af Teiti eða endurskoðunarfyrtæki hans? Rökstyddu svarið.**

Rökstyddu svarið með tilvísun í lög, reglur, staðla eða önnur gögn eftir því sem þú telur ástæðu til.

Svarið hér:

Verkefni 13 – 40 mín.

Contractor ehf. er verktakafyrirtæki í Reykjavík. Félagið hefur verið í starfsemi um langa hríð, en eigendaskipti urðu á félaginu um mitt ár 2014 og þá var nafni félagsins breytt í Contractor ehf., en það hafði áður heitið Byggir ehf. Verktakafyrirtækið hefur haft með höndum þá starfsemi að byggja og selja íbúðir og atvinnuhúsnæði. Strax um mitt árið 2014 hóf Contractor ehf. að byggja 16 íbúða fjölbýli. Önnur verk voru ekki í gangi á árinu 2014. Áður en verkið hófst gerði nýr fjármálastjóri Contractor ehf., Alma Gunnarsdóttir, áætlun um kostnað og tekjur og hefur áætlunin gengið eftir, en gert var ráð fyrir 20 milljóna kr. heildarhagnaði af verkinu. Um síðustu áramót var fjölbýlið svo til klárt. Allar íbúðir höfðu verið seldar, afhentar og greiddar að fullu fyrir áramót. Contractor ehf. átti hins vegar eftir þó nokkrar framkvæmdir við sameign, en þær kláruðust um mitt þetta ár. Heildarsöluverð íbúða var 480 milljónir kr. Kostnaður vegna framkvæmdanna endaði í 460 milljónum kr. en stóð í 410 milljónum kr. um síðustu áramót. Fyrir liggur að Contractor ehf. á eftir 15 milljónir kr. af skattalegu tapi, upphaflega að fjárhæð 30 milljónir kr., sem féll til á rekstrarárinu 2004.

Það eru nokkrir eigendur að Contractor ehf., þar á meðal Kassi ehf. sem á 20% hlut. Til stendur að Contractor ehf. láni Kassa ehf. 5 milljónir kr. en Alma sér fyrir sér að Kassi ehf. geti greitt lánið til baka á skömmum tíma með fyrirsjáanlegum arðgreiðslum frá Contractor ehf. en útlitið er bjart í verktakabransanum.

Stærsti hluthafinn í Contractor ehf. er austurríska verktakafyrirtækið Contractor GmbH sem á 51% hlut í íslenska félaginu. Ekki er í gildi tvísköttunarsamningur á milli Íslands og Austurríkis, en þjóðirnar hafa undirritað tvísköttunarsamning sín á milli sem stjórnendur austurríska móðurfélagsins sjá fyrir sér að muni taka gildi innan tíðar og þá verða viðskipti á milli landanna hagkvæmari og þægilegri með tilliti til skatta. Þangað til þarf Alma og aðrir sem málið varðar, að byggja eingöngu á heimalöggjöfum ríkjanna. Nú þegar eru nokkur viðskipti þarna á milli, m.a. fékk íslenska félagið lán hjá austurríska félaginu og mun greiða af því vexti og afborganir, þá er fyrirsjáanlegt að greiða þurfi arð frá Contractor ehf. til Contractor GmbH, auk þess sem tveir af stjórnendum Contractor GmbH sitja í stjórn íslenska félagsins og þiggja fyrir það laun, en þeir eru báðir skattalega heimilisfastir í Austurríki. Fyrir liggur að Contractor ehf. ber skylda til að halda eftir afdráttarsköttum af þessum greiðslum og skila í ríkissjóð, sbr. lög nr. 45/1987, um staðgreiðslu opinberra gjalda. Þau ákvæði staðgreiðslulaganna, sem máli skipta í þessu samhengi, eru A og B liðir 2. gr., 6. töluliður 4. gr., 6. töluliður 5. gr., 1. mgr. 7. gr., 1. mgr. 8. gr. og 1. og 4. mgr. 9. gr.

- A. Verkefni þitt er að ráðleggja Contractor ehf. um þá möguleika sem það hefur við uppgjör vegna byggingar fjölbýlisins í skattskilum, en þá er horft til skattskila 2015 (vegna rekstrarársins 2014) og skattskila 2016 (vegna rekstrarársins 2015). Allar uppgjörnar fjárhæðir eru án virðisaukaskatts og við úrslausn verkefnisins ber einungis að horfa til tekjuskattsuppgjörs.**
- B. Verkefni þitt er að ráðleggja Contractor ehf. og Kassa ehf. með tilliti til fyrirhugaðrar lánveitingar Contractor ehf. til Kassa ehf. Vísa skal til viðeigandi ákvæða laga nr. 138/1994, um einkahlutafélög, og laga nr. 90/2003, um tekjuskatt.**

C. Verkefni þitt er að ráðleggja Ölmum um þann afdráttarskatt sem Alma þarf fyrir hönd Contractors ehf. að halda eftir og skila í ríkissjóð af (1) vaxtagreiðslum til Contractor GmbH, (2) arðgreiðslum til Contractor GmbH, og (3) stjórnarlaunum til tveggja stjórnenda Contractor GmbH vegna stjórnarsetu þeirra í Contractor ehf. Alma hefur þegar fengið þá vitneskju að allar nauðsynlegar upplýsingar til að svara þessu þrennu, komi fram í lögum nr. 45/1987, um staðgreiðslu opinberra gjalda, og lögum nr. 90/2003, um tekjuskatt. Vísa skal til viðeigandi ákvæða beggja laga.

Svarið hér:

Verkefni 14 – 60 mín.

A – 30 mín.

Halda hf. gerir ársreikning sinn samkvæmt IFRS. Halda hf. er fyrirtæki sem er með nokkuð öfluga rannsóknar- og þróunarstarfsemi. Fyrirtækið er með sérstaka rannsóknar- og þróunardeild en ýmislegt er samt unnið í öðrum deildum. Halda hf. hefur ákveðinn feril sem gengur þvert á allar deildir til að meta hugsanlegar vörur eða tækni sem þörf er á að skoða nánar og þróa frekar í fullbúnar vörur til sölu eða í tækni til notkunar innanhúss.

Ferli fyrir rannsókn og þróun á vörum/tækni er skipt í eftirfarandi stig:

1. Finna út þörf fyrir og ávinning af nýrri vöru/tækni.
2. Rannsaka nýja vöru/tækni og rannsaka aðrar og sambærilegar vörur/tækni á markaðnum.
3. Forhönnun á nýrri vöru/tækni. Ábendingar frá öðrum deildum um framleiðslu, markað, hagkvæmni og framtíðarávinning.
4. Gerð lista með að lágmarki þremur valkostum til frekari þróunar sem kynnt er stjórnendum. Stjórnendur velja (eða hafna) endanlega vöru/tækni.
5. Þróa áfram valda vöru/tækni yfir í endanlega gerð.
6. Prófa endanlega gerð vöru/tækni.
7. Þjálfa starfsfólk.
8. Framleiðsla á vöru/tækni.

Ýmis verkefni sem ætla má að skili sér í fullbúinni vöru til sölu eða til nota við framleiðslu eða sölu á afurðum fyrirtækisins eru í skoðun og þróun hjá fyrirtækinu á hverjum tíma.

Á árinu 2014 voru eftirfarandi verkefni í skoðun og þróun og enduðu í fullbúnum vörum til sölu eða til notkunar innanhúss:

Bumbubani:	Byltingarkennd ný tegund af bumbubana sem auðveldar körlum að losna við bumbu á 10 dögum.
Hrukkueyðir:	Ný tegund af kremi sem eykur virkni húðarinnar og sléttar hana um 10% á 10 dögum.
Vörumerki fyrir ljósabúnað:	Glænýtt vörumerki, kynningarherferð, skráning og einkaleyfi um víða veröld fyrir mun flottara vörumerki fyrir núverandi vörulínu fyrirtækisins í ljósabúnaði.
Pantana- og sölusíða á vef:	Vefsíða þar sem viðskiptavinir geta pantað og keypt vörur fyrirtækisins. Vefsíðan er hönnuð, þróuð og sett upp af starfsmönnum Halda hf. Áætlað er að allt að 50% af sölu fyrirtækisins fari gegnum þessa síðu eftir 2 ár.

Eftirfarandi kostnaður var skráður í verkbókhaldi félagsins á verkefni, nema fyrir stig 4 (samanber stig í ferli hér að framan) þar sem æðstu stjórnendur fyrirtækisins eru yfir það hafnir að færa verkbókhald, því er kostnaður á stigi 4 áætluð fjárhæð:

Stig	Undirferill	Bumbubani	Hrukkueyðir	Vörumerki	Pantana- og sölusíða á vefnum
	Finna út þörf/ávinning af				
1	vöru/tækni	300.000	1.000.000	100.000	500.000
2	Rannsaka vöru/markað	1.500.000	1.100.000	500.000	2.000.000
3	Forhönnun, hagkvæmni o.fl.	1.500.000	3.000.000	800.000	3.000.000
4	Valkostir. Stjórnendur velja.	200.000	200.000	200.000	200.000
5	Þróa vöru/tækni í endanlega gerð	8.000.000	3.500.000	2.900.000	13.000.000
6	Prófa endanlega vöru/tækni	2.000.000	2.500.000	600.000	5.000.000
7	Þjálfun starfsfólks	1.500.000	700.000	500.000	3.000.000
	Tilbúið til framleiðslu/notkunar	15.000.000	12.000.000	5.600.000	26.700.000

Í árslok 2014 var búið að eignfæra hluta af ofangreindum kostnaði sem óefnislegar eignir. Nokkuð mismunandi var á hvaða stigi eignfærsla hófst. Byggðist það á því hvenær bókhaldið fékk upplýsingar um að farið væri að þróa nýja vöru.

Verkefni	Hvenær byrjað að eignfæra	Eignfært í árslok
Bumbubani	Á stigi 2	14.700.000
Hrukkueyðir	á stigi 6	3.200.000
Vörumerki fyrir ljósabúnað	á stigi 3	5.000.000
Pantana- og sölusíða á vefnum	á stigi 1	26.700.000
Samtals		49.600.000

Fjármálastjóri Halda hf. kemur og óskar eftir aðstoð þinni sem sérfræðings í alþjóðlegu reikningsskilastöðlunum um þær reglur sem gilda um eignfærslu á rannsóknar- og þróunarkostnaði. Einnig vill hann vita hvort það sé í samræmi við þessar reglur að ofangreind eignfærsla geti staðið óbreytt í ársreikningi félagsins 2014.

Verkefni þitt:

- i) **Upplýstu fjármálastjórnann í stuttu máli, með tilvísun í alþjóðlega reikningsskilastaðla, hver skilyrði fyrir eignfærslu á rannsóknar- og þróunarkostnað eru.**
- ii) **Farðu yfir eignfærsluna hér að ofan með fjármálastjórnunum og bentu honum á hvaða breytingar, ef einhverjar, þurfi að gera á eignfærslunni í árslok. (Töflurnar eru í svarskjali (14A) í excel).**

Svarið hér eða í excel-svarskjali:

B – 30 mín.

Fjármálastjórnin var búinn að setja upp skýringu í ársreikningi fyrir óefnislegar eignir, eins og hún var gerð árið áður (2013) og byggt á þeim fjárhæðum sem búið var að eignfæra. Hann biður þig sem sérfræðing að fara fyrir skýringuna, uppsetningu hennar og einstakar fjárhæðir, til að meta hvort hún sé rétt og í samræmi við IFRS.

Skýring 13 Óefnislegar eignir

	Hugbúnaður	Keypt vörumerki	Samtals
Staða í byrjun árs 2013	20.000.000	0	20.000.000
Viðbætur ársins	0	3.000.000	3.000.000
Afskriftir	-5.000.000	-300.000	-5.300.000
Staða í lok árs	15.000.000	2.700.000	17.700.000
31. desember 2013			
Kostnaðarverð	25.000.000	3.000.000	28.000.000
Uppsafnaðar afskriftir og virðisrýrnun	-10.000.000	-300.000	-10.300.000
Bókfært verð í árslok	15.000.000	2.700.000	17.700.000
Aðrar óefnislegar eignir			
	Hugbúnaður	Samtals	
Staða í byrjun árs 2014	15.000.000	2.700.000	17.700.000
Viðbætur ársins	31.700.000	22.900.000	54.600.000
Afskriftir	-8.083.333	-6.008.333	-14.091.667
Staða í lok árs	38.616.667	19.591.667	58.208.333
31. desember 2014			
Kostnaðarverð	56.700.000	25.900.000	82.600.000
Uppsafnaðar afskriftir og virðisrýrnun	-18.083.333	-6.308.333	-24.391.667
Bókfært verð	38.616.667	19.591.667	58.208.333

Meðfylgjandi eignaskrá var notuð til að útbúa skýringuna:

	Kostnaðar -verð	Nýtingar -tími/ár	Upphaf notkunar	Hrakvirði	Afskrifað 2014
Hugbúnaður keyptur 2012	25.000.000	5		0	5.000.000
Hugbúnaður keyptur 1/1 2014	5.000.000	5	janúar	0	1.000.000
Pantana- og sölusíða á vefnum	26.700.000	5	ágúst	1.700.000	2.083.333
	56.700.000				8.083.333
Bumbubani	14.700.000	6	júlí	0	1.225.000
Hrukkueyðir	3.200.000	4	júlí	0	4.333.333
Keypt vörumerki 2013	3.000.000	10		0	300.000
Vörumerki fyrir ljósabúnað	5.000.000	10	júlí	2.000.000	150.000
	25.900.000				6.008.333
	82.600.000				14.091.667

Þegar rétt er um upphaf notkunar er átt við hvenær eignin er tekin í notkun.

Fjármálastjórnin veitti eftirfarandi upplýsingar um óefnislegar eignir sem voru keyptar eða þróaðar innanhúss á árinu 2014:

1. Hugbúnaður keyptur 1/1 2014. Þetta er þróunar- og áætlanakerfi, áætlaður nýtingartími er 5 ár.
2. Framleiðsla og sala á bumbubana hófst í júlí 2014. Gert er ráð fyrir að hægt sé að selja óbreytta hönnun í 6 ár. Hins vegar er mjög erfitt að áætla sölutölur, en söludeildin hefur slegið á að hægt sé að selja a.m.k. 1 milljón bumbubana, nokkuð jafnt á næstu 6 árum.
3. Framleiðsla á hrukkueyði hófst í júlí 2014. Gert er ráð fyrir að hægt sé að selja framleiðsluna í 4 ár. Áætlanir gera ráð fyrir að selja 1 milljón krukka árið 2014, 2 milljónir 2015, 1,5 milljón árið 2016 og 500 þúsund árið 2017. Þessar áætlanir byggja á viðamikilli reynslu af sölu annarra slíkra framleiðsluvara.
4. Pantana- og sölusíða á netinu var tekin í notkun í byrjun ágúst 2014 og er áætlaður nýtingartími 5 ár áður en kemur að verulegri uppfærslu. Þar sem þetta er gríðarlega flott kerfi og vel uppbyggt, þá er gert ráð fyrir að hægt sé að selja það án uppfærslu við lok nýtingartíma á 1,7 milljónir króna.
5. Vörumerki fyrir ljósabúnað var tekið í notkun í júlí 2014. Veruleg óvissa ríkir um hve lengi það verður nothæft, en hugmyndin er að það nýtist í 10 ár sem er sami nýtingartími og áætlaður var fyrir keypt vörumerki árið 2013.

Einnig veitti fjármálastjórinn þær upplýsingar að heildar rannsóknar- og þróunarkostnaður á árinu hafi verið 85 milljónir króna. Þá veitti fjármálastjórinn þær upplýsingar að heildareignir fyrirtækisins hafi verið 50 milljónir króna árið 2013 og að eina verulega breytingin til ársloka 2014 hafi verið eignfærsla óefnislegra eigna.

Verkefni þitt:

Fjármálastjórinn biður þig um að fara yfir og leiðrétta skýringu um óefnislegar eignir, eftir því sem við á. Við úrlausnina á ekki að taka tillit til úrlausnar samkvæmt A-lið.

Svarið hér eða í excel-svarskjali:

Verkefni 15 – 45 mín.

Medisín ehf. er í eigu Hjalta Gunnarssonar og Bóasar Arasonar. Félagið hefur rekið einkarekna læknaþjónustu um árabil. Fyrstu 10 árin rak Hjalti fyrirtækið á eigin kennitölu en fyrir fimm árum stofnaði hann einkahlutafélag um reksturinn með Bóasi kollega sínum. Reksturinn hefur að mestu gengið vel. Anna, kona Bóasar, hefur séð um bókhaldið. Síðustu tvö árin hefur hún verið á sein á ferð með bókhaldið og átt erfitt með ýmsar afstemmingar, þar á meðal afstemmingu við Sjúkratryggingar Íslands. Félagið hefur verið endurskoðað frá upphafi af LL endurskoðun með fyrirvaralausri áritun en Hjalti og Bóas vilja gjarnan skipta um endurskoðendur og leita til þín. Hjalti læknir er orðinn hálf heilsulaus og hefur verið að hugsa um að hætta að vinna innan skamms. Bóas er hins vegar ungur og vill gjarnan halda áfram með reksturinn og fá nýjan samstarfsaðila inn í félagið.

Talsverð fjölmiðlaumfjöllun hefur verið um læknastofu þeirra félaga undanfarið og umræða á Bland og Facebook en þjónusta þeirra þykir dýr. Einn óánægður sjúklingur vísaði meðal annars til upplýsinga úr ársreikningi Medisín ehf. og opnaði umræðu á óeðlilega háar arðgreiðslur til þeirra félaga. Í ársreikningnum kom fram að fastafjármunir félagsins væru óverulegir og taldi sjúklingurinn það benda til þess að tæki og tól læknastofunnar væru lítills virði og úrelt. Þá velti þessi sami sjúklingur fyrir sér af hverju liðurinn „aðrar kröfur“ í ársreikningi væri svona há, kannski væri þar um að ræða ólögmetar úttektir gráðugra eigenda.

Hjalti hefur verið þinn læknir í mörg ár og með þér í Rotary. Síðast þegar þú heimsóttir hann, ræddi hann um áhyggjur sínar af rekstri Medisín og umræðunni um félagið. Hann fór fram á það við þig að þú tækir að þér endurskoðun á félaginu enda væri það honum mikilvægt að allt væri á hreinu ef hann skyldi selja sinn hlut í félaginu. Þú ákveður að hitta Hjalta og Bóas og fara yfir málin. Eftirfarandi kom fram á þeim fundi:

- Ársreikningur félagsins hefur verið endurskoðaður frá upphafi.
- Meðal annarra krafna er 15 milljónir sem eru óafstemmdar færslur frá kreditkortum Önnu, Bóasar og Hjalta. Sumt tilheyrir rekstrinum en eitthvað tengist þeim líka privat.
- Erfitt hefur reynst að ná afstemmingum saman, m.a. við Sjúkratryggingar Íslands, og á debit- og kreditkortafærslum.
- Veruleg skaðabótakrafa gæti verið yfirvofandi og óljóst hvort váttryggingar félagsins ná til brota af þessu tagi.
- Sjónarmið þitt er að þú myndir ekki taka að þér endurskoðun félagsins, enda er félagið ekki endurskoðunarskylt. Þú myndir hins vegar skoða að taka að þér aðstoð við gerð reikningsskila og skattframtals eða þá könnun á ársreikningnum. Þú vildir hins vegar fá tækifæri til að skoða þetta mál betur og ráðfæra þig við kollega þína.
- Vilji Hjalta og Bóasar er að þú takir að þér verkefnið og að ekkert vandamál verði með greiðslur til þín.

Þú þarft að hitta þá félaga aftur og taka afstöðu til þess hvort þú viljir taka verkefnið að þér.

Úrlausnarefni:

- A) Hvaða kröfur eru gerðar til endurskoðenda um samþykki á þessu verkefni og hvaða álitafni gætu komið upp ef um er að ræða:
- i. Könnun á ársreikningi?
 - ii. Aðstoð við gerð ársreiknings?
- B) Hvaða kröfur eru gerðar til skipulagningar á þessu verkefni og hvernig telur þú að standa skuli að framkvæmd vinnunnar ef um er að ræða:
- i. Könnun á ársreikningi?
 - ii. Aðstoð við gerð ársreiknings?
- C) Hvernig ber að taka tillit til óvissu um rekstrarhæfi í áritun endurskoðenda, eins og hjá Medicín ehf. eða í sambærilegum verkefnum, ef um er að ræða:
- i. Könnun á ársreikningi?
 - ii. Aðstoð við gerð ársreiknings?

Rökstyddu svarið með tilvísun í lög, reglur, staðla eða önnur gögn eftir því sem þú telur ástæðu til.

Svarið hér:

Verkefni 16 – 45 mín.

Í fylgiskjali 16.1 er hluti ársreiknings sjávarútvegsfyrirtækisins Útgerðar og vinnslu hf. fyrir árið 2014, sem GOAUDIT, endurskoðunarfyrirtækið sem þú starfar hjá, hefur nýverið tekið í endurskoðun. Ársreikningur félagsins er gerður af fjármálastjóra fyrirtækisins í samræmi við ársreikningalög.

Úrlausnarefni:

Í tengslum við skipulagningu endurskoðunarinnar á ársreikningi Útgerðar og vinnslu hf. vegna ársins 2015 er þitt verkefni eftirfarandi:

- A) Skilgreindu lykiláhættuþætti (e. significant risks) sem þú telur vera til staðar við endurskoðun ársreiknings Útgerðar og vinnslu hf. út frá rekstrarreikningi og efnahagsreikningi síðasta árs. Rökstyddu mat þitt og skýrðu frá þeim aðferðum sem þú beitir við matið.**
- B) Settu upp drög að endurskoðunarfyrirmælum (e. further audit procedures) fyrir lykiláhættuþætti.**

Rökstyddu svarið með tilvísun í lög, reglur, staðla eða önnur gögn eftir því sem þú telur ástæðu til.

Svarið hér:

Verkefni 17 – 20 mín.

Gerð ársreiknings Sandbakka hf. samkvæmt alþjóðlegum reikningsskilastöðlum fyrir árið 2014 fer senn að ljúka, en nokkrar tafir hafa orðið vegna eftirtalinna ófyrirséðra atburða:

- Í lok janúar 2015 strandaði uppsjávarskip félagsins, Haförn, nærri Helguvíkurhöfn þegar alvarleg bilun varð í vél skipsins skammt frá landi í vonskuveðri. Mannbjörg varð, en tjónið á skipinu er talið verða um 215 millj. kr. Það tjón fæst að mestu bætt, en samkvæmt nýjustu áætlun um tjónabætur er gert ráð fyrir að þær verði 187 millj. kr.
- Sandbakki hf. hafði ekki keypt rekstrarstöðvunartryggingu og hefur orðið fyrir verulegu tjóni þar sem félagið átti og rak einungis tvö uppsjávarskip. Hitt skipið, Albatros, er mun eldra, minna og stendur Haferninum langt að baki tæknilega. Albatros var einungis fær um að veiða riflega helming loðnukvóta útgerðarinnar á fyrri hluta ársins 2015, en að auki tókst að leigja um 20% kvótans til annarra útgerða, þannig að um fjórðungur kvótans nýttist ekki með tilheyrandi tapi á framlegð félagsins, sem er áætlað að hafi verið um 40 millj. kr.
- Að hluta má skýra slök aflabrögð Albatros með því að hluti nýs búnaður, sem settur var í skipið haustið 2014, virkaði aldrei sem skyldi. Búnaðurinn kostaði uppsettur 38 millj. kr. og var fyrirhugað að afskrifa hann á átta árum frá 1. nóvember 2014, þegar hann var tilbúinn til notkunar. Í ljósi reynslunnar var í júní 2015, þegar undirbúningur undir makrílvertíð stóð sem hæst, ákveðið að taka úr skipinu búnað fyrir 15,4 millj. kr. sem ekki nýttist og einungis er hægt að selja til endurvinnslu fyrir 1,8 millj. kr. Kostnaður við að taka búnaðinn frá borði og koma honum til endurvinnslu nam 3,5 millj. kr.
- Þá kom í ljós á fyrstu mánuðum ársins 2015 að krafa félagsins á hendur viðskiptamanni í Úkraínu vegna sölu á loðnuafurðum haustið 2014 að fjárhæð 33 millj. kr. sem erfiðlega hafði gengið að innheimta fæst ekki greidd nema að þriðjungi vegna gjaldþrots úkraínska félagsins.

Verkefni þitt er að gera grein fyrir því hvort og þá með hvaða hætti þurfi að taka tillit til þeirra fjögurra atburða sem lýst er í verkefninu við gerð ársreiknings Sandbakka fyrir árið 2014.

Svarið hér:

Verkefni 18 – 20 mín.

Firma er fyrirtæki sem á nokkuð af fastafjármunum, þar á meðal atvinnuhúsnæði á ágætum stað í bænum. Firma hefur átt þetta húsnæði í 10 ár og er bókfært virði þess orðið mun lægra en fasteignamat og er einnig mun lægra en mat óháðs fasteignasala. Þar sem eigið fé Firma er orðið óþægilega lágt í árslok 2014 hefur fyrirtækið tekið ákvörðun um að færa endurmat á fasteignina og styrkja þannig eigið fé.

Verkefni þitt er að setja fram rökstutt mat þitt á því hvort hér er um að ræða breytingu á reikningsskilaaðferð eða breytingu á reikningshaldslegu mati, samkvæmt íslensku ársreikningalögunum og samkvæmt alþjóðlegu reikningsskilastöðlunum. Settu einnig fram rökstutt mat þitt á því hvaða breytingar þarf að gera á ársreikningi félagsins og skýringum, í samræmi við íslensku ársreikningalögin og samkvæmt alþjóðlegu reikningsskilastöðlunum.

Svarið hér:

Verkefni 19 – 20 mín.

Húsgagnaverslunin Firma seldi 130 skrifborð í lok desember 2013, hvert fyrir kr. 100.000, en kostnaðarverð skrifborðanna, samtals kr. 6.500.000, fórst fyrir að færa af birgðum yfir á kostnaðarverð seldra vara. Það var hins vegar gert í september árið eftir, en þá var fært af birgðum til gjalda á kostnaðarverð seldra vara kr. 6.500.000. Árið 2013 var hins vegar gert upp án þessarar færslu, og var rekstrarniðurstaða ársins þessi:

	2013
Sala	73.500.000
Kostnaðarverð seldra	-53.500.000
Hagnaður fyrir tekjuskatt	20.000.000
Tekjuskattur	-4.000.000
Hagnaður	16.000.000

Þann 1/1 2014 var óráðstafað eigið fé Firma hf. kr. 20.000.000 og í lok árs kr. 36.000.000. Hlutafé fyrirtækisins var kr. 500.000, en annað en þetta tvennt var ekki bókfært á eigin fé. Skatthlutfall er 20%.

Við gerð ársuppgjörs 2014, sem gert var samkvæmt ársreikningalögunum, komu hins vegar upp vangaveltur um þessa færslu af birgðum á kostnaðarverð seldra vara sem gerð var í september 2014, eðli hennar og meðferð. Því er leitað til þín sem sérfræðings í reikningsskilum til að fá álit þitt á því hvort gera þurfi eitthvað meira en nú þegar hefur verið gert í bókhaldi félagsins og í ársreikningi 2014.

Verkefni þitt er að veita forráðamönnum Firma skýr svör um það hvort gera þurfi eitthvað meira en nú þegar hefur verið gert í bókhaldi félagsins og í ársreikningi 2014.

Svarið hér eða í excel-svarskjali:

Verkefni 20 – 40 mín.

Þú ert verkefnastjóri hjá endurskoðunarfyrirtækinu GOAUDIT og er stærsta verkefnið þitt að bera ábyrgð á verkstjórn hjá A+ sparisjóði.

A+ er nýr sparisjóður sem var stofnaður í byrjun árs 2014 á hugmyndafræði gömlu sparisjóðanna. Stjórnendur sparisjóðsins hyggjast endurvinna traust almennings á sparisjóðakerfinu og vilja aftur verða „hornsteinn í héraði“ og veita stóru viðskiptabönkunum aðhald. Fjársterkir aðilar komu að stofnun sjóðsins og ætla sjóðurinn að hasla sér völl meðal einstaklinga og þá helst meðal fjársterkra einstaklinga. Bankinn hefur viðskiptabankaleyfi og fjárfestingabankaleyfi. Bankinn hefur strax náð góðum árangri í einkabankþjónustu.

Verkefni þitt er að taka afstöðu til þess hvernig rétt er að standa að endurskoðun á tölvuumhverfi sjóðsins. Eins og önnur fjármálafyrirtæki á Íslandi reiðir sparisjóðurinn sig á þjónustu RB, Reiknistofu bankanna, auk þess sem sparisjóðurinn rekur önnur upplýsingakerfi. Þú ert meðal annars að velta fyrir þér hvort og þá hvernig staðfestingar endurskoðunarteymið þyrfti að fá frá RB og hvort þú ættir að fá aðstoð frá öðrum innan stofunnar sem hafa sérhæft sig í endurskoðun upplýsingakerfa. Kristín, sem er umsjónarendurskoðandi verkefnisins, taldi að það ætti að reyna að lágmarka þessa vinnu enda væri sparisjóðurinn ennþá mjög lítill og hennar reynsla væri að svona vinna yrði alltaf mjög dýr. Kristín tók að sér endurskoðun sparisjóðsins eftir að vinnan var boðin út og fór kannski heldur langt niður með verðin þar sem hún gerði ráð fyrir að þetta verkefni myndi fljótt vinda upp á sig. Kristín leggur því mikla áherslu á að gætt sé að allri skilvirkni í endurskoðuninni.

Meðfylgjandi er lýsing á helstu upplýsingakerfum sparisjóðsins, sjá fylgiskjal 20.1.

Úrlausnarefni:

- A) Hvaða kröfur eru gerðar til endurskoðanda um endurskoðun á upplýsingakerfum fyrirtækja eins og A+?**
- B) Taktu saman minnisblað til Kristínar umsjónarendurskoðanda um hvernig þú telur rétt að standa að endurskoðun upplýsingakerfa A+. Gættu að því að vísa í staðla þannig að Kristín geti tekið afstöðu til þess hvaða kröfur þarf að lágmarki að uppfylla og hvaða tilgangi væntanlegar endurskoðunaraðgerðir þjóni.**

Rökstyddu svarið með tilvísun í lög, reglur, staðla eða önnur gögn eftir því sem þú telur ástæðu til.

Svarið hér:

Verkefni 21 – 40 mín.

Reykur ehf. þarf á fjármögnun að halda til að reisa nýja verksmiðju. Eftir viðræður við viðskiptabanka félagsins, náðist samkomulag um lánveitingu að fjárhæð 10 milljónir króna með 7% vöxtum. Til mótvægis við svo lága vexti á lánstímanum krefur bankinn Reyk ehf. um 10% lántökugjald við útborgun lánsins.

Lánið er veitt í upphafi árs 2014 og er til 10 ára. Lánið er jafngreiðslulán (annuitet), ein afborgun á ári í lok árs.

Forráðafólk Reyks ehf. kemur til þín sem sérfræðings í reikningsskilum og bönkum og er að velta fyrir sér hvaða samning þau voru raunverulega að gera og hvaða áhrif hann hefur á reikningsskil fyrirtækisins. Þeim finnst t.d. blóðugt að þurfa að færa 10% lántökukostnað til gjalda strax. Reykur ehf. gerir upp samkvæmt ársreikningalögum.

Verkefni þitt:

- i) **Settu upp töflu sem sýnir með skýrum hætti skiptingu greiðslu í vexti og afborganir af annuitets-láninu á hverju ári miðað við virka vexti. (30 mín.)**
- ii) **Skýrðu út fyrir fyrir forráðafólki Reyks ehf., með tilvísun í lög og reglur, hvaða reglur gilda um færslu lántökukostnaðar og hvort þau hafi eitthvað val um hvernig farið er með þennan kostnað. (10 mín.)**

Svarið hér eða í excel-svarskjali:

Verkefni 22 – 40 mín.

Fjölmiðlar ehf. rekur ljósvakamiðla (útvarps- og sjónvarpsstöðvar) og prentmiðla (gefur út morgunblað og síðdegisblað). Félagið á einnig allt hlutfé í tveimur einkahlutafélögum, Handtölvum ehf. og Tímaritum ehf. Handtölvur ehf. sinnir einkum farsímarekstri en einnig ýmis konar miðlun um internetið bæði í farsíma og spjaldtölvur. Tímaritin ehf. gefur út ýmis viku- og mánaðartímarit.

Nýir eigendur hafa tekið við Fjölmiðlum ehf. og vilja stokka upp reksturinn. Þeir sjá fyrir sér framtíð í ljósvakamiðlum, farsímarekstri og hvers konar miðlun um internetið í farsíma og tölvur, en hafa litla sem enga trú á blaða- og tímaritaútgáfu. Þeir hafa í hyggju að skipta Fjölmiðlum ehf., selja nýja viðtökufélagið og láta Fjölmiðla ehf. yfirtaka tvö dótturfélög sín. Gera þeir ráð fyrir að skiptingin og samrunarnir verði í samræmi við 51. og 52. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt. Nánar tiltekið hafa nýju eigendurnir í hyggju eftirfarandi:

- A. Losa sig við prentmiðlastarfsemi Fjölmiðla ehf. Það hyggjast þeir gera með því að skipta Fjölmiðlum ehf. þannig að nýtt félag, X ehf., fái við skiptinguna í sinn hlut reksturinn sem tilheyrir prentmiðlunum (morgunblaðið og síðdegisblaðið) en ljósvakamiðlarnir (útvarps- og sjónvarpsstöðvar) verði eftir í Fjölmiðlum ehf. Þeir eru meira að segja komnir með ákveðna kaupendur að X ehf. og hyggjast losa sig við það um leið og skiptingin hefur náð fram að ganga. Þessi ráðstöfun er í samræmi við framtíðarsýn nýrra eigenda.
- B. Láta Fjölmiðla ehf. yfirtaka Tímaritin ehf. við samruna. Það er nánast ekki eftir neinu að slægjast í Tímaritum ehf. nema skattalegu tapi. Fyrri eigendur Fjölmiðla ehf. létu Fjölmiðla ehf. kaupa Tímaritin ehf. fyrir um fimm árum síðan, en rekstur félagsins hefur alla tíð verið erfiður og síðastliðin tvö ár hefur reksturinn minnkað smátt og smátt í umfangi og er við það að lognast út af. Hrein eign (eigið fé) í Tímaritum ehf. er núll. Bókfærðar eignir eru 100 milljónir kr. en á móti eru skuldir að sömu fjárhæð.
- C. Láta Fjölmiðla ehf. yfirtaka Handtölvur ehf. við samruna. Fjölmiðlar ehf. eignuðust Handtölvur ehf. fyrir þremur árum og stóð alltaf til að vera með farsímareksturinn og miðlunina um internetið í sérstöku félagi. Handtölvur ehf. á nokkurt skattalegt tap frá því fyrir samsköttun með Fjölmiðlum ehf. og Tímaritum ehf. sem nýtist þar með ekki í samsköttuninni. Umrætt tap er að renna út á tíma, og þar sem fyrirsjáanlegt er að Fjölmiðlar ehf. mun greiða skatt en Handtölvur ehf. ekki, þá kemur sér vel að færa tapið til Fjölmiðla ehf. En það eru líka rekstrarlegar ástæður fyrir sameiningunni, því nýir eigendur sjá fyrir sér sífellt meiri samlegð og líkindi með rekstri þessara félaga.

Verkefni þitt er að ráðleggja nýjum eigendum og stjórnendum Fjölmiðla ehf.:

- A. Að því er varðar skiptinguna á Fjölmiðlum ehf. og söluna á viðtökufélaginu X ehf. sem fjallað er um í A-lið hér að framan, þarf að greina frá mögulegum áhrifum á skattskil Fjölmiðla ehf. annars vegar og á skattskil hluthafa í Fjölmiðlum ehf. hins vegar.

- B. Að því er varðar yfirtöku Fjölmiðla ehf. á Tímaritum ehf. sem fjallað er um í B-lið hér að framan þarf að taka afstöðu til þess hvort Fjölmiðlar ehf. geti nýtt skattalegt tap Tímarita ehf. í skattskilum sínum.**
- C. Að því er varðar yfirtöku Fjölmiðla ehf. á Handtölvum ehf. sem fjallað er um í C-lið hér að framan þarf að taka afstöðu til þess hvort Fjölmiðlar ehf. geti nýtt skattalegt tap Handtölva ehf. í skattskilum sínum.**

Svarið hér:

Verkefni 23 – 20 mín.

Kristín endurskoðandi hefur tekið að sér að aðstoða Ríkisendurskoðun við endurskoðun á Tryggingastofnun ríkisins. Kristínu hefur verið falið að skoða ábyrgð endurskoðanda í tengslum við ársskýrslu stofnunarinnar og þær upplýsingar sem þar er að finna. Ársskýrslan er umfangsmikið upplýsingarit um starfsemi stofnunarinnar og er ársreikningur stofnunarinnar hluti af þessari skýrslu. Leitað hefur verið til Kristínar vegna reynslu hennar af endurskoðunarstörfum og þar sem oft hafa komið upp frávik á milli upplýsinga úr skýrslunni og þeirra upplýsinga sem eru í ársreikningi stofnunarinnar. Kristínu hefur verið að falið að fara yfir ábyrgð þeirra sem koma að fjárhagsendurskoðuninni á Tryggingastofnun þegar slík frávik koma upp.

Skýrslan frá því í fyrra var þannig uppbyggð:

1. Ávarp forstjóra
2. Starfsemin
3. Mannauður
4. Þjónustuleiðir
5. Innheimta
6. Þróun réttinda og framkvæmd
7. Staðtölur 2014
8. Ársreikningur 2014
9. Lykiltölur úr ársreikningum bótaflokka 2014
 - 9.1. Bætur samkvæmt lögum um félagslega aðstoð
 - 9.2. Lífeyristryggingar
 - 9.3. Eftirlaunasjóður aldraða
 - 9.4. Foreldrar langveikra eða alvarlega fatlaðra barna

Úrlausnarefni:

- A) Hver er ábyrgð endurskoðanda á skýrslum og upplýsingum sem birtar eru með ársreikningi?**
- B) Ef upp koma frávik á milli upplýsinga í ársreikningi og ársskýrslu, eins og ársskýrslu Tryggingastofnunar, hvernig ber endurskoðanda að bregðast við þeim?**

Rökstyddu svarið með tilvísun í lög, reglur, staðla eða önnur gögn eftir því sem þú telur ástæðu til.

Svarið hér: